

Nr. 17-078 S 055 Þjótur dráttarbátur**Skipverji slasast á hendi**

Skipaskr.nr. 2052
Útgerð: Faxaflóahafnir sf
Smíðaður: Akranesi 1990, stál
Stærð: 17,8 brl. 25,2 bt.
Mesta lengd: 14,25 m Skráð lengd: 13,83 m
Breidd: 4,26 m Dýpt: 1,75 m
Vél: Caterpillar 260 kW, 1990
Fjöldi skipverja: 2



Þjótur©Guðmundur St Valdemarsson

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. janúar 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 3. júní 2017 var dráttarbáturinn Þjótur að fara frá flotbryggju í Reykjavíkurhöfn. Veður: A 5-8 m/s.

Þegar skipverji var að sleppa landfestum lenti hann með aðra hendina á milli tógsins og lunningar með þeim afleiðingum að hann klemmdi þrjá fingur. Brotnaði hann illa á tveimur þeirra svo taka þurfti framan af þeim.

Við rannsókn kom fram:

- að hver dráttarbátur hjá Faxaflóahöfnum á sitt stæði þar sem fastir landfestaspottar eru í lengdum sem passa viðkomandi bát og þá er einungis auga sett upp á polla um borð. Stæðið sem Þjótur var í tilheyrði Leyni en sá bátur var í slipp og Þjótur að leysa hann af;
- að skipverjinn var að toga bátinn að til að fá slaka á landfestarnar til að ná þeim af polla um borð í bátnum. Þar sem ekki var um að ræða fasta legu bátsins pössuðu landfestarnar ekki fyrir hann og í stað þess að setja auga á polla, eins og venja var, þurfti að setja brögð á polla um borð;
- að skipstjórinn hafði keyrt í springinn til að ná slaka á landfestum að aftan en þegar tók í springinn færðist skutur bátsins frá bryggjunni;

- að skipstjórinn var vanur bátnum og kvað hann hegða sér öðruvísi en báturinn sem tilheyrði legunni. Þessi bátur kastaði afturendanum til og slasaði hefði ekki áttað sig á því og sett hendina á milli;
- að slasaði var með um fjögurra ára reynslu á dráttabátum hafnarinnar;
- að landfestarnar voru úr ofurtógi;
- að áhættumat hafði verið gert fyrir m.a. landfestar dráttarbátanna en tók ekki til þess þáttar ef bátar fara í stæði annarra báta.

Nefndarálit:

Orsök slyssins er að vinna við landfestar í þessu tilfelli var með öðrum hætti en venjulega.